

19. ágúst 1976.

597

Nr. 316.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.29. Gjald þetta skal frá og með 19. ágúst 1976 nema kr. 18.38 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 19. ágúst 1976. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 120/1976 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 19. ágúst 1976, skal greiða 79 auru af hverjum lítra slíkra birgða, sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 19. ágúst 1976 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga hjá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 19. ágúst 1976.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. desember 1975 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi 19. ágúst 1976. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 120 3. maí 1976.

Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Arni Kolbeinsson.